




AÐALSKIPULAG BLÁSKÓGABYGGÐAR 2015-2027

Skipulagslýsing og matslýsing – breyting í Skálholti

01.07.2021





UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

3502-014-19-SKL-001-V01

HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir

RÝNT

Anna Bragadóttir

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagslýsing	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
3	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	4
3.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	4
3.2	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027	5
3.3	Samræmi við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag	5
3.4	Deiliskipulag	5
3.5	Minjar	6
4	AÐALSKIPULAGSBREYTING	6
5	UMHVERFISMAT	6
5.1	Tengsl við aðrar áætlanir	6
5.1	Valkostir	6
5.2	Umhverfisþættir og áherslur	6
5.3	Helstu umhverfisáhrif	7
6	SKIPULAGSFERLI	7
6.1	Umsagnaraðilar	7
6.2	Auglýsing og staðfesting skipulags	8

1 INNGANGUR

Sett er fram skipulags- og matslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027. Á jörðinni Skálholti er um 38 ha skógræktarsvæði SL12. Verður það stækkað í um 230 ha, yfir land sem í gildandi skipulagi er landbúnaðarsvæði.

1.1 Skipulags og matslýsing

Skipulags- og matslýsingin er sett fram í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og unnin í samræmi við grein 4.2. í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum.

Með skipulags- og matslýsingu er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Skógræktarsvæði SL12 í Skálholti og fyrirhuguð stækkun þess er norðan Skálholtsvegjar. Skógræktarsvæðið kemur til með að ná norður undir eða norður að öðru skógræktarsvæði sem er í landi Hrosshaga. Stunduð hefur verið skógrækt á svæðinu í nokkur ár og eru hæstu tré á bilinu 2-4 m há.

Svæðið skiptist í lága ása þar sem grjót er sýnilegt á yfirborði. Inn á milli er land blautara. Stærsti hluti svæðisins er vel gróinn þó sjáist í rofsvæði. Í vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar er helstu vistgerðir skógrækt og runnamýrarvist á láglandi. Runnamýrarvistin hefur mjög hátt verndargildi en er útbreidd í Biskupstungum og uppsveitum Árnessýslu.

Engar þekktar jarðmyndanir sem njóta verndar eru innan svæðisins.

Ekki er lengur búskapur á Skálholtsjörðinni og því ekki þörf á þessu landi til beitar. Landbúnaðarland hefur ekki verið flokkað í Bláskógabyggð. M.v. lýsingu á landinu hér að ofan má ætla að hluti landsins gæti hentað til ræktunar en að ekki sé um úrvals landbúnaðarland að ræða. Landið hentar vel til beitar og/eða skógræktar.

3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Skipulag í dreifbýli

Í aðalskipulagi byggjast skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekið tillit til þeirrar hættu sem stafar af

náttúruvá. Sérstaklega verði hugað að hættu sem fylgir gróðureldum og hugað að flóttaleiðum og brunavörnum í frístundabyggð og á skógræktarsvæðum¹.

3.2 Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027


Svæðið sem breytingin tekur til er skilgreint sem landbúnaðarsvæði, kafli 2.4.1.

Í aðalskipulaginu er eftirfarandi stefna um landbúnaðarsvæði:

- Góð landbúnaðarsvæði verða áfram nýtt til landbúnaðar.
- Forðast skal að setja gott landbúnaðarland undir skógrækt.

Í aðalskipulaginu er eftirfarandi stefna um skógræktar- og landgræðslusvæði, kafli 2.4.2:

- Skógrækt og skjólbeltarækt verði nýtt til að gæta búsetuskilyrði og ræktunarmöguleika.
- Skógrækt verði eflid til útivistar, skjóls og landbóta.



MYND 1. Hluti af Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Breytingin er fyrirhuguð innan rauða hringsins.

3.3 Samræmi við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag

Breytingin er talin vera í samræmi við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag. Ekki er talið að um úrvals landbúnaðarland sé að ræða. Skógur myndar skjól og getur þannig eflt ræktunarmöguleika umhverfis. Skógar eru kjörnir til útivistar.

3.4 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

¹ (Skipulagsstofnun 2016).

3.5 Minjar

Aðalskráningu fornminja er lokið í þéttbýlunum þremur í Bláskógabyggð en ólokið í dreifbýlinu. Í aðalskipulagi er sett fram stefna um að skógrækt skuli ekki fara nær friðlýstum minjum en 100 m og ekki nær öðrum merkjum minjum en 20 m.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

4 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Í breyttu aðalskipulagi verður skógræktarsvæðið SL12 í Skálholti stækkað úr 38 ha í um 230 ha. Settir verða skilmálar um skógræktina eftir því sem við á. Til dæmis til að draga úr hættu á gróðureldum og heimild til að vera með útivistarstíga í skóginum. Gerð verður breyting á aðalskipulagsupprætti og greinargerð.

5 UMHVERFISMAT

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, þar sem mörkuð er stefna er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Skógræktaráætlanir sem ná yfir 200 ha lands eða meira eru tilkynningarskildar til Skipulagsstofnunar skv. lið 1.07 í viðauka 1 við lög um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun ákvarðar um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana taka gildi í september 2021. Umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar verður unnið í samræmi við nýju lögin.

5.1 Tengsl við aðrar áætlanir

Í umhverfisskýrslu fyrir breytinguna verður gerð grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlanir og stefnur sem taka þarf tillit til eða geta haft áhrif á breytinguna. Helstu stefnur og áætlanir má sjá í kafla 3.

5.1 Valkostir

Núll kostur eða núverandi ástand verður borið saman við breytt aðalskipulag, þ.e. að skógræktarsvæðið verði stækkað yfir það svæði sem í dag er landbúnaðarsvæði.

5.2 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfisskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni verða skoðuð áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við ýmis viðmið. Yfirlit yfir líklegar meginspurningar í

umhverfisskýrslu er að finna í töflu 1. Framsetning á niðurstöðu matsins verður í formi greinargerðar og/eða yfirlitstöflu.

TAFLA 1 Umhverfispættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Loft	Losun gróðurhúsalofttegunda og binding kolefnis.	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Stefna í aðalskipulagi.
Gróður og dýralíf	Áhrif á gróður og dýralíf.	Vistgerðarkortlagning Náttúrufræðistofnunar.
Ásýnd og landslag	Áhrif á ásýnd og landslag.	Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Minjar og verndarsvæði	Áhrif á náttúruminjar, fornminjar og verndarsvæði.	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Aðalskráning fornminja.
Heilsa og öryggi	Hætta á gróðureldum. Útivistarmöguleikar á skógræktarsvæðinu.	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.

5.3 Helstu umhverfisáhrif

Ætla má að helstu áhrif af breytingunni séu vegna ásýndar og breytingar á gróðurfari. Skógur sem nær yfir um 200 ha svæði sést víða að og á ákveðnum svæðum, s.s. frá Skálholtsvegi, þá byrgir hann fyrir útsýni til fjalla. Gróðurfari á þeim hluta svæðisins þar sem ekki hefur verið plantað skógi kemur til með að breytast. Áhrifin fara þó eftir því hvort plantað verður í allt svæðið eða skilin eftir opin svæði á milli, t.d. væri hægt að sleppa því að planta í blautasta landið og viðhalda þannig votlendi svæðisins og fjölbreyttara kjörlendi fyrir fugla.

Hætta á gróðureldum hefur aukist á Íslandi. Fer þar saman hlýnandi veðurfar, minni beit sem veldur sinu og meiri skógrækt. Til að draga úr líkum á gróðureldum mætti skoða með að hafa skógræktina ekki samfellda. Eins er hægt að beita skógin á ákveðnum tíma árs og draga þannig úr myndun sinu.

6 SKIPULAGSFERLI

Með kynningu skipulags- og matslýsingar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun breytingarinnar.

Skipulags- og matslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu sveitarfélagsins auk þess sem hún verður auglýst á heimasíðu skipulagsfulltrúa, <http://www.utu.is/> og á skrifstofu embættisins að Dalbraut 12 á Laugarvatni. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast á skrifstofu skipulagsfulltrúa á netfangið vigfus@utu.is, fyrir auglýstan tímabrest.

6.1 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun

- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

6.2 Auglýsing og staðfesting skipulags

Skipulags- og matslýsing verður auglýst sumarið 2021. Reiknað er með að aðalskipulagsbreytingin verði auglýst haustið 2021 og taki gildi um áramót.